



Skautasamband Íslands tilkynnir

Bikarmót ÍSS 2018

12. – 14. október 2018 í Skautahöllinni í Laugardal

Mótaskráning

Haustmót Skautasambands Íslands er haldið í samræmi við almenn lög og reglur ISU, ÍSS og ÍSí.

Keppnisflokkar

Keppt verður í eftirfarandi keppnisflokkum

Chicks	ÍSS keppnisreglur
Cubs	ÍSS keppnisreglur
Basic Novice	ISU keppnisreglur
Intermediate Novice	ISU keppnisreglur
Advanced Novice	ISU keppnisreglur
Junior	ISU keppnisreglur
Senior	ISU keppnisreglur
Intermediate Ladies	ÍSS keppnisreglur

Keppnisreglur

Keppnisreglur eru eftir almennum reglum ISU og útgefnum reglum ÍSS (sjá: [Keppnisreglur ÍSS](#))
Grunnpróf gilda í öllum flokkum til þáttöku á ÍSS mótum.

Dómarakerfi og úrslit

IJS dómarakerfið verður notað.

Úrslit verða birt á heimasíðu ÍSS www.iceskate.is

Dómarar

Reglur um dómara á mótum ÍSS er að finna í Reglugerðum ÍSS (sjá: [Reglugerðir](#))

Keppnis- og dómara gjald

Keppnisgjald greiðist fyrir hvern keppanda

Eitt prógramm kr.4.200,-

Tvö prógrömm kr.6.500,-

Dómara gjald hvers félags er kl.56.000,- + kr.1.750.- per keppanda.

Vinsamlega haldið keppnis- og dómara gjaldi aðskildu.

Reikn.: 0111-26-122344

Kt.: 560695-2339

Senda skal kvittun á gjaldkeri@iceskate.is með skýringu “HMót-keppnisgjöld” og “HMót-dómara gjöld”. ATH! Dómara gjöld eru ekki endurgreidd.

Verðlaun

Í keppnisflokkum Chicks og Cubs eru ekki gefin upp verðlaunasæti. Allir keppendur fá þátttökuviðurkenningu.

Í öðrum keppnisflokkum eru veittir verðlaunapeningar fyrir fyrstu þrjú (3) sætin. Þátttökuviðurkenningar eru veittar til annarra keppenda.

Dagskrá

Dagskrá er birt á vefsíðu ÍSS www.iceskate.is

Bráðabirgðadagskrá (með fyrirvara um breytingar)

Föstudagur:

Kl.17:00-19:00 Æfing og uppsetning á dómara búnaði

Laugardagur:

Kl:08:00-13:00 Keppni

Kl.17:00-19:00 Æfing

Sunnudagur:

Kl. 08:00-12:30 Keppni

Æfingar

Opnar æfingar vreða fyrir alla keppendur. Hver æfing verður 30 mínútur og æfingatímum skipt niður í viðeigandi stóra hópa eftir getu og aldirsstigum.

Gjald fyrir æfingu verður kr. 1.000,-. Æfingagjald verður ekki endurgreitt geti keppandi ekki nýtt æfinguna. Skráning er í formi millifærslna á reikning ÍSS.

Reikn.: 0111-26-122344

Kt.: 560695-2339

Senda skal kvittun á events@iceskate.is og telst hún formleg skráning keppandans á æfinguna. Keppandi getur ekki mætt á æfinguna án þess að hafa gengið frá formlegri skráningu.

Þeir sem ekki óska eftir að nýta sér æfingatímum þurfa ekki að skrá sig, möguleikinn er valkvæður.

Keppnisröð

Dregið verður rafrænt í keppnisröð fimmtudaginn 11. október og birt samdægurs á vefsíðunni.

Skil gagna:

Skráning

Skráningu keppenda skal skilað inn til events@iceskate.is á þar til gerðu **eyðublaði** ÍSS. Á eyðublaðinu skal koma fram fullt nafn keppenda, kennitala, keppnisflokkur og keppnisgjald. Vinsamlegast athugið að ekki er tekið við skráningum eftir auglýstan tíma.

Innihaldslýsingar prógramma

Innihaldslýsingar prógramma skulu sendar á events@iceskate.is. Eingöngu skal skila innihaldslýsingum fyrir þá keppendur sem ekki hafa keppt áður á þessu tímabili eða innihaldslýsing hefur breyst frá síðasta móti.

Eyðublöð má finna á heimasíðu ÍSS.

Tónlist

Tónlist skal senda á mp3 formi* á events@iceskate.is. Eingöngu skal skila tónlist fyrir þá keppendur sem ekki hafa keppt áður á þessu tímabili eða tónlist hefur breyst frá síðasta móti.

*athugið að keppendur skulu hafa afrit af tónlist meðferðis á keppnisdegi

Forföll keppenda

Forföll tilkynnist á netfangið events@iceskate.is

Einungis er hægt að sækja um endurgreiðslu vegna keppnisgjalda hafi forföll verið tilkynnt áður en keppandi átti að keppa. Endurgreiðsla nemur helmingi upphaflegra keppnisgjalda.

Skiladagsetningar

Skráning á mót og greiðsla á mótagjöldum	20. september
Skil á innihaldslýsingum	20. september
Skil á mp3 tónlist	27. september
Skráning á æfingu	Fyrir klukkan 21:00 miðvikudaginn 10. október
Keppendalisti og drög að dagskrá birt á vefsíðu ÍSS www.iceskate.is	4. október

Með skráningu á mótið gerir skautari og/eða forráðamaður sér grein fyrir því að upplýsingar um gengi skautara á mótinu eru gerðar opinberar og geymdar hjá Skautasambandi Íslands um ókomna tíð. Þá gerir skautari/forráðamaður sér grein fyrir að teknar eru ljósmyndir af skauturum á mótinu og þær birtar opinberlega á heimasíðu sambandsins og mögulega í fjölmiðlum.

Mótanefnd

Formaður mótanefndar er Þóra Gunnarsdóttir motanefnd@iceskate.is